| Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt. | Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegum í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt. | Á og við götur eða vegi, þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, hjólaskautum, hjólabrettum, sleðum eða iðka leiki, eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfararleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. | Á og við götur eða vegi, þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, hjólaskautum, hjólabrettum, sleðum eða iðka leiki, eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. | Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ýtrustu varúðar og tillitssemi gætt.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. | Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.<br>Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. |
| | | 20. gr.<br>Allur akstur torfærutækja, svo sem fjórhjóla, vélsleða og sambærilegra tækja, er bannaður í þéttbýli og á öðrum svæðum þar sem það er auglýst sérstaklega. Undanþágu frá þessari grein hafa hjálpar- og björgunarsveitir í neyðartilvikum svo og þeir einstaklingar sem vegna fötlunar sinnar komast ekki ferða sinna nema á slíkum farartækjum.<br>Einnig er sveitarstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra. | 20. gr.<br>Allur akstur torfærutækja, svo sem fjórhjóla, vélsleða og sambærilegra tækja, er bannaður í þéttbýli og á öðrum svæðum þar sem það er auglýst sérstaklega. Undanþágu frá þessari grein hafa hjálpar- og björgunarsveitir í neyðartilvikum svo og þeir einstak-lingar, sem vegna fötlunar sinnar komast ekki ferða sinna nema á slíkum farartækjum.<br>Einnig er sveitarstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra. | | |
| 23. gr.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. | 22. gr.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. | 23. gr.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. | 23. gr.<br>Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann. | | |
| 24. gr.<br>Þeir sem flytja farm um götur sveitarfélags skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað. | 23. gr.<br>Þeir sem flytja farm um götur sveitarfélags skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað. | 21. gr.<br>Þeir sem flytja farm um götur og vegi sveitarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifum. Valdi flutningur, ferming eða afferming óþrifum á almannafæri er stjórnanda flutningatækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.<br>Óheimilt er að henda nokkru út úr ökutæki sem er á ferð. | 21. gr.<br>Þeir sem flytja farm um götur og vegi sveitarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifum. Valdi flutningur, ferming eða afferming óþrifum á almannafæri er stjórnanda flutningatækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.<br>Óheimilt er að henda nokkru út úr ökutæki sem er á ferð. | 27. gr.<br>Þeir sem flytja farm skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fíngerður að hætta er á að hann fjúki. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er sveitarfélaginu heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi. | 28. gr.<br>Þeir sem flytja farm skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fíngerður að hætta er á að hann fjúki. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er sveitarfélaginu heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi. |
| | | 22. gr.<br>Börn yngri en átján ára sem fara um á hestum, reiðhjólum, hjólabrettum og hjólaskautum skulu nota hlífðarhjálm og annan viðeigandi hlífðarbúnað.<br>Foreldrar og forráðamenn ósakhæfra barna bera ábyrgð á því að börn noti hlífðarbúnað skv. þessari grein. | 22. gr.<br>Börn undir 15 ára aldri skulu almennt nota viðeigandi hlífðarbúnað við leik og útiveru þegar slíkt er við hæfi með tillliti til aðstæðna. Foreldrar og forráðamenn ósakhæfra barna bera ábyrgð á því að börn noti hlífðarbúnað skv. þessari grein. | | |
| | | | | 26. gr.<br>Umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja, önnur en hefðbundin not landeigenda vegna hlunninda og umferð viðbragðsaðila, er bönnuð á Ölfusá frá landamörkum Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar í austri að Kaldaðarneslandi í vestri nema með leyfi lögreglustjóra.<br>Þar sem í skipulagi er bönnuð umferð um ár og vötn getur sveitarstjórn samþykkt sérstakan viðauka við lögreglusamþykkt þessa þar sem kveðið er á um slíkt bann og viðurlög við brotum gegn því. | |
| IV. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>25. gr.<br>Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmt-anahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.<br>Ákveði sveitarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.30 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.<br>Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundur eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans. | III. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>24. gr.<br>Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.<br>Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur bæjarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.<br>Ákveði bæjarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.30 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.<br>Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundur eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans. | III. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>24. gr.<br>Sveitarstjórn setur reglur um opnunartíma veitingastaða.<br>Við ákvörðun um opnunartíma getur sveitarstjórn litið til flokkunar veitingastaða samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald svo og staðsetningar viðkomandi veitingastaðar.<br>Heimilt er sveitarstjórn að banna starfsemi tiltekinna flokka veitingastaða á afmörkuðum svæðum.<br>Um opnunartíma verslana og annarra þjónustufyrirtækja fer samkvæmt lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað opnunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. | III. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>24. gr.<br>Sveitarstjórn setur reglur um opnunartíma veitingastaða.<br>Við ákvörðun um opnunartíma getur sveitarstjórn litið til flokkunar veitingastaða samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald svo og staðsetningar viðkomandi veitingastaðar.<br>Heimilt er sveitarstjórn að banna starfsemi tiltekinna flokka veitingastaða á afmörkuðum svæðum.<br>Um opnunartíma verslana og annarra þjónustufyrirtækja fer samkvæmt lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað opnunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. | IV. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>28. gr.<br>Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.<br>Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.<br>Ákveði sveitarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Aðfaranótt nýársdags eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum þó heimilar til kl. 04.00.<br>Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær | IV. KAFLI<br>Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.<br>29. gr.<br>Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomu-sala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.<br>Ákveði sveitarstjórn ekki annað eru áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Aðfaranótt nýársdags eru áfengis-veitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum þó heimilar til kl. 04.00. Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi |

| Almenn reglugerð | Grundarfjarðarbær | Borgarbyggð | Dalabyggð | Sveitarfélög á Suðurlandi | Tillaga fyrir sveitarfélög á Vesturlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. | Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Bæjarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. | | | klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.<br>Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. | síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.<br>Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Sveitarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði. |
| | | 25. gr.<br>Á veitingastöðum skulu allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sem er, ef þeir hafa náttstað í veitingahúsinu eftir lokunartíma.<br>Heimill er rekstur heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn. | 25. gr.<br>Á veitingastöðum skulu allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sem er, ef þeir hafa náttstað í veitingahúsinu eftir lokunartíma.<br>Heimill er rekstur heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn. | | |
| 26. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.<br>Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá. | 25. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.<br>Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá. | 26. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði. Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.<br>Ábyrgðaraðili skal tryggja að gestir verði ekki fyrir ítrekaðri áreitni af hálfu annarra gesta og skal kalla til lögreglu ef með þarf.<br>Á skemmtistöðum og veitingastöðum með reglubundna skemmtistarfsemi er ekki heimilt að sýna nektardans. | 26. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði. Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.<br>Ábyrgðaraðili skal tryggja að gestir verði ekki fyrir ítrekaðri áreitni af hálfu annarra gesta og skal kalla til lögreglu ef með þarf.<br>Á skemmtistöðum og veitingastöðum með reglubundna skemmtistarfsemi er ekki heimilt að sýna nektardans. | 29. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.<br>Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.<br>Á skemmtistöðum og veitingastöðum eru nektarsýningar óheimilar. | 30. gr.<br>Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.<br>Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.<br>Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.<br>Á skemmtistöðum og veitingastöðum eru nektarsýningar óheimilar. |
| 27. gr.<br>Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.<br>Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. | 26. gr.<br>Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara honum vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.<br>Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. | 27. gr.<br>Enginn má reka spilakassa, leiktæki eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.<br>Óheimilt er að selja börnum og unglingum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjum. Miða skal við fæðingarár.<br>Börnum yngri en 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjáraðila.<br>Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri.<br>Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum sem starfseminni eru sett, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur. | 27. gr.<br>Enginn má reka spilakassa, leiktæki eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.<br>Óheimilt er að selja börnum og unglingum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjum. Miða skal við fæðingarár.<br>Börnum yngri en 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjáraðila.<br>Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri.<br>Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum sem starfseminni eru sett, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur. | 30. gr.<br>Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.<br>Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag. | 31. gr.<br>Enginn má reka spilakassa, leiktæki eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.<br>Óheimilt er að selja börnum og unglingum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjum. Miða skal við fæðingarár.<br>Börnum yngri en 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjáraðila.<br>Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu hafa náð fullum 18 ára aldri.<br>Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum sem starfseminni eru sett, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur. |
| | | 28. gr.<br>Skemmtun sem seldur er aðgangur að má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra og með þeim skilmálum sem hann setur.<br>Í leyfi lögreglustjóra skal kveða á um aldurstakmörk að skemmtun. Miða skal við fæðingarár en ekki fæðingardag. | 28. gr.<br>Skemmtun sem seldur er aðgangur að má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra og með þeim skilmálum sem hann setur.<br>Í leyfi lögreglustjóra skal kveða á um aldurstakmörk að skemmtun. Miða skal við fæðingarár en ekki fæðingardag. | | |
| | | 29. gr.<br>Lögreglustjóri getur bannað þeim einstaklingum aðgang að veitingahúsum og eða skemmtunum í umdæmi sínu, sem ítrekað hafa hagað sér ósæmilega á skemmtunum eða á veitingahúsum. Lögreglustjóri skal tilkynna forstöðumönnum samkomustaða um slíkt bann og er þá óheimilt að veita hlutaðeigandi einstaklingum aðgang. | 29. gr.<br>Lögreglustjóri getur bannað þeim einstaklingum aðgang að veitingahúsum og/eða skemmtunum í umdæmi sínu, sem ítrekað hafa hagað sér ósæmilega á skemmtunum eða á veitingahúsum. Lögreglustjóri skal tilkynna forstöðumönnum samkomustaða um slíkt bann og er þá óheimilt að veita hlutaðeigandi einstaklingum aðgang. | | |
| V. KAFLI<br>Um götuspjöld og húsnúmer.<br>28. gr.<br>Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. | IV. KAFLI<br>Um götuspjöld og húsnúmer.<br>27. gr.<br>Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. | IV. KAFLI<br>Um götuspjöld og húsnúmer.<br>30. gr.<br>Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.<br>Lögbýli skulu merkt með nafni býlis við upphaf vegar. Þar sem fleiri en eitt býli eru við héraðs- og tengivegi skal vera skilti er sýnir öll býli sem við þá standa. | IV. KAFLI<br>Um götuspjöld og húsnúmer.<br>30. gr.<br>Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.<br>Lögbýli skulu merkt með nafni býlis við upphaf vegar. Þar sem fleiri en eitt býli eru við héraðs- og tengivegi skal vera skilti er sýnir öll býli sem við þá standa. | V. KAFLI<br>Um götuspjöld, merkingar og húsnúmer.<br>31. gr.<br>Sveitarstjórn ákveður nöfn á stjórnsýslueiningar, byggingar, hverfi og götur og lætur festa upp skilti með þeim upplýsingum, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. | V. KAFLI<br>Um götuspjöld, merkingar og húsnúmer.<br>32. gr.<br>Sveitarstjórn ákveður nöfn á stjórnsýslueiningar, byggingar, hverfi og götur og lætur festa upp skilti með þeim upplýsingum, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.<br>Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. |
| VI. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og ungmenna.<br>29. gr. | V. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og ungmenna.<br>28. gr. | V. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og ungmenna.<br>31. gr. | V. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og ungmenna.<br>31. gr. | VI. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og unglinga.<br>32. gr. | VI. KAFLI<br>Um útivistartíma barna og unglinga.<br>33. gr. |

| Almenn reglugerð | Grundarfjarðarbær | Borgarbyggð | Dalabyggð | Sveitarfélög á Suðurlandi | Tillaga fyrir sveitarfélög á Vesturlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. | Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. | Um útivistartíma barna og unglinga gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. | Um útivistartíma barna og unglinga gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. | Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. | Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. |
| VII. KAFLI<br>Um búfjárhald og hundahald.<br>30. gr.<br>Búfjárhald er bannað í þéttbýli. Sama gildir um hundahald í þéttbýli. Sveitarstjórnir geta kveðið á um annað fyrirkomulag í sérstökum samþykktum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.<br>Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald o.fl.<br>Umferð reiðhesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar. | VI. KAFLI<br>Um búfjárhald og hundahald.<br>29. gr.<br>Búfjárhald er bannað í þéttbýli. Sama gildir um hundahald í þéttbýli. Bæjarstjórn getur kveðið á um annað fyrirkomulag í sérstökum samþykktum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.<br>Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald o.fl.<br>Umferð reiðhesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar. | VI. KAFLI<br>Um dýrahald og lausagöngu búfjár.<br>32. gr.<br>Hunda- og kattahald er bannað í þéttbýli nema með sérstöku leyfi og með skilmálum sem sveitarstjórn setur. Hugtakið þéttbýli skv. þessari grein ber að skilja eins og það er skilgreint í reglum sveitarstjórnar um hunda- og kattahald hverju sinni.<br>Hunda, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, er heimilt að aflífa, en komi til þess er skylt að fara eftir lögum nr. 15/1994 um dýravernd. | VI. KAFLI<br>Um dýrahald og lausagöngu búfjár.<br>32. gr.<br>Hunda- og kattahald er bannað í þéttbýli nema með sérstöku leyfi og með skilmálum sem sveitarstjórn setur. Hugtakið þéttbýli skv. þessari grein ber að skilja eins og það er skilgreint í reglum sveitarstjórnar um hunda- og kattahald hverju sinni.<br>Hunda, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, er heimilt að aflífa, en komi til þess er skylt að fara eftir lögum um velferð dýra nr. 55/2013. | VII. KAFLI<br>Um dýrahald.<br>33. gr.<br>Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum hvers sveitarfélags. Þrátt fyrir ákvæði staðbundinna samþykkta sveitarfélaga er lögreglu ávallt heimil handsömun og aflífun hunda er staðnir hafa verið að því að ráðast á búfénað eða fólk og lögregla telur hættulega almannaöryggi.<br>Um bann við lausagöngu búfjár og undanþágur frá því fer skv. vegalögum, lögum um búfjárhald og samþykktum um búfjárhald í hverju sveitarfélagi fyrir sig.<br>Óheimilt er að halda nýjar dýrategundir, eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir, nema leyfi hafi verið veitt til innflutnings á viðkomandi dýrategund eða stofni tegundar skv. lögum um innflutning dýra. | VII. KAFLI<br>Um dýrahald.<br>34. gr.<br>Um dýrahald fer eftir sérstökum samþykktum hvers sveitarfélags. Þrátt fyrir ákvæði staðbundinna samþykkta sveitarfélaga er lögreglu ávallt heimil handsömun og aflífun hunda er staðnir hafa verið að því að ráðast á búfénað eða fólk og lögregla telur hættulega almannaöryggi.<br>Um bann við lausagöngu búfjár og undanþágur frá því fer skv. vegalögum, lögum um búfjárhald og samþykktum um búfjárhald í hverju sveitarfélagi fyrir sig.<br>Óheimilt er að halda nýjar dýrategundir, eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir, nema leyfi hafi verið veitt til innflutnings á viðkomandi dýrategund eða stofni tegundar skv. lögum um innflutning dýra. |
| | | 33. gr.<br>Búfjárhald er bannað í þéttbýli nema með sérstöku leyfi og skilmálum sem sveitarstjórn setur. | 33. gr.<br>Búfjárhald er bannað í þéttbýli nema með sérstöku leyfi og skilmálum sem sveitarstjórn setur. | | |
| | | 34. gr.<br>Lausaganga búfjár er bönnuð í þéttbýli.<br>Að öðru leyti fer um lausagöngu búfjár samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald og þeim reglum sem sveitarstjórn kann að setja.<br>Umferð hesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðvegum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar. | 34. gr.<br>Lausaganga búfjár er bönnuð í þéttbýli.<br>Að öðru leyti fer um lausagöngu búfjár samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald og þeim reglum sem sveitarstjórn kann að setja.<br>Umferð hesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðvegum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar. | | |
| VIII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.<br>31. gr.<br>Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt reglugerð þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni. | VII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.<br>30. gr.<br>Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni. | VII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað o.fl.<br>35. gr.<br>Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélagið Borgarbyggð. Ber að túlka hana með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl.<br>Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varðar sektum, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, ef ekki liggur fyrir þyngri refsing samkvæmt lögum. Um mál sem varða brot gegn lögreglusamþykktinni skal fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. | VII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað o.fl.<br>35. gr.<br>Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélagið Dalabyggð. Ber að túlka hana með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulagslögum, lögum um mannvirki, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl.<br>Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varðar sektum, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, ef ekki liggur fyrir þyngri refsing samkvæmt lögum. Um mál sem varða brot gegn lögreglusamþykktinni skal fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. | VIII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.<br>35. gr.<br>Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.<br>Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála. | VIII. KAFLI<br>Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.<br>35. gr.<br>Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.<br>Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála. |
| 32. gr.<br>Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.<br>Mál sem varða brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð opinberra mála. | 31. gr.<br>Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.<br>Mál sem varða brot gegn ákvæðum lögreglusamþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð opinberra mála. | 36. gr.<br>Láti einhver það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við slíkar aðgerðir greiðist af þeim sem ábyrgðina ber. Hið sama gildir um kostnað af ráðstöfunum til að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er í samþykktinni eða samkvæmt henni. Sé sá sem slíka ábyrgð ber ófær um að greiða kostnaðinn þá greiðist hann úr ríkissjóði.<br>Heimilt er lögreglustjóra að ljúka máli með því að leyfa þeim sem gerst hefur sekur um að henda rusli eða brjóta gler að hreinsa sjálfur til eftir sig. Það er háð mati lögreglustjóra í hverju tilfelli fyrir sig hvort beita skuli þessari heimild. | 36. gr.<br>Láti einhver það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við slíkar aðgerðir greiðist af þeim sem ábyrgðina ber. Hið sama gildir um kostnað af ráðstöfunum til að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er í samþykktinni eða samkvæmt henni.<br>Heimilt er lögreglustjóra að ljúka máli með því að leyfa þeim, sem gerst hefur sekur um að henda rusli eða brjóta gler, að hreinsa sjálfur til eftir sig. Það er háð mati lögreglustjóra í hverju tilfelli fyrir sig hvort beita skuli þessari heimild. | 34. gr.<br>Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni. | 36. gr.<br>Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt lögreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni. |
| 33. gr.<br>Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 36 18. maí 1988, um lögreglusamþykktir, öðlast gildi þegar 6 mánuðir eru liðnir frá birtingu hennar.<br>Lögreglusamþykktir sem settar hafa verið fyrir setningu þessarar reglugerðar skulu gilda í sex mánuði eftir gildistöku hennar, nema ný lögreglusamþykkt hafi áður verið gerð fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag á tímabilinu. | 32. gr.<br>Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Grundarfjarðarbæ nr. 628, 19. júlí 2004. | 37. gr.<br>Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samið og samþykkt með heimild í lögum nr. 36/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Mýrasýslu nr. 556 frá 8. október 1980, lögreglusamþykkt Borgarfjarðarsýslu nr. 578/2002 og lögreglusamþykkt Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu nr. 555/1982 að því leyti sem tvær síðarnefndu ná yfir svæði sem tilheyrir Borgarbyggð. | 37. gr.<br>Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samið og samþykkt með heimild í lögum nr. 36/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu nr. 149/1940 og lögreglusamþykkt Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu nr. 555/1982 að því leyti sem sú síðastnefnda nær yfir svæði sem tilheyrir Dalabyggð. | 36. gr.<br>Lögreglusamþykkt þessi, sem samþykkt var í sveitarstjórnum eftirtalinnasveitarfélaga: Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss, tekur gildi við birtingu.<br>Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt Sveitarfélagsins Árborgar nr. 430/2014, lögreglusamþykkt Mýrdalshrepps nr. 526/2004 og lögreglusamþykkt Hveragerðisbæjar nr. 579/2009.<br>Samþykktin er sett með vísan í 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007. | 37. gr.<br>Lögreglusamþykkt þessi, sem samþykkt var í sveitarstjórnum eftirtalinna sveitarfélaga: Akraneskaupstaðar,Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps,Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, tekur gildi við birtingu.<br>Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt Grundarfjarðarbæjar nr. 430/2014, lögreglusamþykkt Borgarbyggðar nr. 526/2004 og lögreglusamþykkt Dalabyggðar nr. 579/2009.<br>Samþykktin er sett með vísan í 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007. |
| *Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2007* | *Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 2008* | *Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, 14. apríl 2010.* | *Innanríkisráðuneytinu, 19. apríl 2016.* | *Dómsmálaráðuneytinu, 27. október 2017.* | |